GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Grýtubakkahreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Grýtubakkahrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:	kr.
Íbúðir á Grenivík	12.400
Sveitaheimili	8.200
Sumarbústaðir á Grenivík	8.200
Sumarbústaðir utan Grenivíkur	4.100

Hreppsnefnd er heimilt að veita 50% afslátt ef tveir eða færri eru í heimili.

Sorphirðugjald fyrirtækja (þ.m.t. sveitabýla):	kr.
Flokkur 1	8.200
Flokkur 2	12.400
Flokkur 3	22.000
Flokkur 4	38.500
Flokkur 5	77.000

Hreppsnefnd skipar fyrirtækjum í flokka eftir stærð fyrirtækis og magni sorps.

3. gr.

Gjaldskráin var samþykkt í sveitarstjórn Grýtubakkahrepps 8. og 22. nóvember 2004. Gjaldskráin er sett með stoð í 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, sbr. reglugerð um úrgang nr. 805/1999.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000.

Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu hennar.

Grenivík, 11. janúar 2005.

Guðný Sverrisdóttir sveitarstjóri.

11. mars 2005 Nr. 324

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 234/2003 um þátttöku ríkisins í kostnaði við hjálpartæki fyrir þá sem eru með heyrnarmein.

1. gr.

3. gr. orðast svo:

Þátttaka í kostnaði við hjálpartæki samkvæmt þjónustusamningi.

Ráðuneytinu er heimilt að gera þjónustusamning um útvegun og sölu hjálpartækja og nauðsynlega þjónustu vegna þeirra við aðila sem fengið hefur rekstrarleyfi ráðherra, skv. 1. mgr. 37. gr. b. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.